

Námskrá Arnarsmára



Efnisyfirlit:

LEIKSKÓLINN ARNARSMÁRI.....	3
Sýn á nám leikskólabarna.....	4
Leiðarljós Arnarsmára.....	5
Frumkvæði, vinátta og gleði.....	6
Dyggðir.....	7
Þema.....	7
Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi.....	9
Námsumhverfi.....	10
Leikur og nám.....	10
Útinám.....	11
Samþætt og skapandi leikskólastarf.....	11
Læsi og samskipti.....	12
Samverustundir.....	14
Hópvinna.....	15
Val.....	15
Heilbrigði og vellíðan.....	15
Útivera.....	16
Svefn og hvíld.....	16
Hreinlæti.....	17
Sjálfbærni og vísindi.....	17
Umhverfisstefna Arnarsmára.....	18
Grænfáninn.....	18
Sköpun og menning.....	19
Listsköpun.....	19
Hefðir.....	20
Fjölskyldan og leikskólinn.....	21
Velkomin í Arnarsmára.....	21
Trúnaður – tilkynningarskylda.....	22
Foreldrasamtöl.....	22
Foreldrafundir.....	22
Foreldrafélag.....	22
Foreldraráð.....	22
Heimasíða.....	23

Tengsl skólastiga.....	23
Mat	24
Innra mat	24
Ytra mat.....	24
Starfsáætlun	25

Vinátta er að geta deilt sorg og gleði



LEIKSKÓLINN ARNARSMÁRI

Leikskólinn Arnarsmári , Arnarsmára 34, 201 Kópavogur, sími 4415300, netfang:
arnarsmari@kopavogur.is. Heimasíða: <http://www.arnarsmari.kopavogur.is>

Arnarsmári var opnaður 7. janúar 1998. Í skólanum eru 85 börn á aldrinum eins árs til sex ára. Deildir skólans eru fimm; Engi, Bakki, Brekka, Akur og Gulldeild.

Fjöldi starfsmanna ræðst af aldri barnanna og sérkennsluþörf hverju sinni en oftast eru u.þ.b. 28 starfmenn við skólann.

Leikskólastjóri er Brynja Björk Kristjánsdóttir og aðstoðarleikskólastjóri Rannveig Jónsdóttir.

Leikskólinn er opinn virka daga frá kl. 7:30 til kl. 16:30.

Einkunnarorð skólans eru frumkvæði, vinátta og gleði.

Sýn á nám leikskólabarna

Leikskólastarf byggir á sérstökum uppeldisaðferðum og hugmyndafræði. Þeir sem vinna að leikskólauppeldi sækja hugmyndir til kenninga, rita og rannsókna ýmissa fræðimanna um það hvernig börn læra og þroskast. Í Arnarsmára er m.a. unnið eftir hugmyndafræði *John Dewey*, <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=13681> þar sem áherslan er á að barnið læri af reynslu sinni. Í hinum frjálsa leik er m.a. tekið mið af kenningum Berit Bae og Vygotsky <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=70347> um mikilvægi leiksins og hlutverk hinna fullorðnu í leikjum barnanna.

Uppeldi og menntun leikskólabarna er samvinnuverkefni allra kennara í Arnarsmára þar sem velferð og hagur barna á að vera leiðarljós í öllu starfi. Veita á börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði.

Nám í leikskóla er samþætt og fer fram í leik, umönnun, samskiptum, skapandi starfi og hugsun þar sem hverju barni er mætt þar sem það er stítt í námi og þroska. Leikur er nám.

Í Arnarsmára nota leikskólakennarar öll tækifæri sem gefast til að örva nám barna. Umönnun er stór hluti af leikskólastarfinu og er fólgin í því að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Með slíkri umönnun skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust.

Kennarar Arnarsmára styðjast við uppeldisstefnu sem kallast *Uppeldi til ábyrgðar - Uppbygging sjálfsgaga*; <http://netla.hi.is/greinar/2007/003/index.htm> Þessi stefna miðar að því að kenna börnum sjálfstjórn og sjálfsgaga, að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum og ekki síst að börnin læri af mistökum í samskiptum og nái að vaxa af þeim.

Starfshættir leikskólans mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar. Umhyggja skipar stóran sess í starfi leikskólans og mikilvægt er að kennarar myndi góð og nán tengsl við börnin.



Leiðarljós Arnarsmára

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og upphaf formlegrar menntunar einstaklinga.

Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími náms og þroska. Í samstarfi við foreldra veitir leikskólinn öllum börnum tækifæri til að njóta bernsku sinnar ásamt því að stuðla að öryggi þeirra og vellíðan. Lögð er áhersla á styrkleika barna og hæfni og að líta á þau sem fullgilda þátttakendur í samfélagi leikskólans. Í leikskólastarfinu mynda hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild þar sem börnum er sýnd virðing og umhyggja.

Á grundvelli markmiða laga um leik-, grunn- og framhaldsskóla hafa verið settir fram eftirfarandi grunnþættir menntunar:

- *læsi
- *sjálfbærni
- *heilbrigði og velferð
- *lýðræði og mannréttindi
- *jafnrétti
- *sköpun

Frumkvæði, vinátta og gleði

Rík áhersla er lögð á að vinna markvisst að einkunnarorðum leikskólans sem eru frumkvæði, vinátta og gleði.


Frumkvæði í hugsun, leik og starfi. Ýtt er undir skapandi hugsun þannig að börnin leiti sjálf lausna í þeim verkefnum sem þau fást við hverju sinni, að þau leysi sjálf deilur á jákvæðan hátt og þau eru hvött til sjálfshjálpar.

Vinátta, samkennd, góð samskipti, samhjálp og samvinna eru þættir sem ýtt er undir og lögð er áhersla á.

Skilgreining kennara skólans á vináttu er vinsemd, vingjarnlegheit, samkennd, samvinna og samhjálp og er markmiðið að börnin læri að vera góðir einstaklingar.

Barnið þarf að læra umburðarlyndi í samskiptum sínum og samneyti við aðra, læra að bera virðingu fyrir ólíku atgervi, skoðunum og menningu. Vinátta og samkennd eru dýrmætt veganesti og góður undirbúningur undir virka þátttöku í félagslífi og samstarfi síðar í lífinu. Góð samvinna er milli deilda þar sem börnin heimsækja hvert annað. Börn af eldri deildum hafa verið fengin sem „kennarar“ á yngri deildir til að kenna/hjálpa vinum sínum eins og við leiki, að klæða sig, læra að ganga frá og margt fleira. Einnig er gott samstarf milli kennara og þeir eru mjög jákvæðir að fara milli deilda til aðstoðar ef þurfa þykir. Kennarar eru fyrirmyndir barnanna í skólanum og því er mikilvægt að þeir temji sér góða framkomu við alla; þannig styðja þeir best við siðferðiskennd barnanna.

Gleði er þriðja einkunnarorð skólans. Börn eru í eðli sínu glöð. Með áherslu á frumkvæði og vináttu, skýrar reglur og aga er skapað öruggt umhverfi, sem þýðir vellíðan og ánægju einstaklingsins og hópsins í heild.




Allir þurfa að eiga vini

Dyggðir

Kennarar og börn í Arnarsmára iðka dyggðirnar *iðjusemi, tillitssemi, heiðarleika, virðingu, aga/hlýðni, fyrirgefningu og kurteisi*.

Undirdyggðir eru *þolinmæði, kærleikur, hugrekki, þakklæti, friður, umburðalyndi og hjálpssemi*.



Arnarsmárasólin inniheldur frumkvæði, vináttu og gleði og sendir frá sér geisla sem hver um sig tákna eina dyggð. Hver dyggð er tekin fyrir og æfð í u.þ.b. sex vikur og börn og kennarar tileinka sér þær. Það er gert á öllum tímum dags við allar aðstæður, dyggðin rædd, hvað merkir að vera t.d. heiðarlegur eða tillitssamur, sögur lesnar sem tengjast dyggðinni og söngvar sungnir. Hver dyggð á sinn texta við lagið Gamli Nói. Í desember eru börnin hvött til að gera góðverk.

<http://arnarsmari.kopavogur.is/um-skolann/dyggdir/>



Þema

Í Arnarsmára er árinu skipt upp í þematímabil:

sept. – okt. - náttúran, haustið og litirnir

okt. – nóv. - ég sjálfur og fjölskyldan

desember - jólin

jan. - mars - samfélagið fyrr og nú

mars - maí - náttúran, vorið, húsdýrin

Unnið er með þemað á margbreytilegan hátt og börnin læra að nota skilningarvit sín. Ýmsar vinnuaðferðir eru notaðar til að nálgast viðfangsefnið.



Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi

Leikskóli er vettvangur þar sem leggja á áherslu á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Í Arnarsmára er lögð áhersla á að kenna börnunum hvað hugtakið lýðræði þýðir og lýðræðisleg vinnubrögð. Vinátta og samvinna barna stuðlar að hæfni þeirra til að taka lýðræðislegar ákvarðanir. Í leik verða börnin að læra að skiptast á og gefa eftir en líka að standa fast á eigin hugmyndum. Þau læri að hlusta á aðra og virða skoðanir annarra, jafnframt því að læra að takast á við vandamál og leysa ágreining.

Réttur barna til þátttöku og ákvarðanatöku er virtur í Arnarsmára, kennarar hlusta á skoðanir barnanna og fram fer reglulega skoðanakönnun á meðal barnanna, þar sem kennarar spjalla við börnin um viðhorf þeirra og áhuga á hinum ýmsum þáttum í leikskólastarfinu. Út frá svörum barnanna er innra starf skólans m.a. skipulagt. Frumkvæði barnanna er eflt og styrkt, þannig verða þau hæfari til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi.

Arnarsmári starfar eftir jafnréttisstefnu leikskóla Kópavogs og hefur gert sína jafnréttisáætlun; <https://arnarsmari.kopavogur.is/media/0/Jafnrettisstefna-leikskola-Kopavogs-og-jafnrettisaaetlun-leikskolans-Arnarsmara-gerd-2019.pdf>

Virða skal rétt allra óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum og getu. Með því að stuðla að jafnrétti er lagður grunnur að velferð einstaklinga, fjölskyldna, atvinnulífs og samfélagsins alls.

Í daglegu starfi leikskóla er lögð áhersla á að börn beri virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, þrói með sér samkennd, tillitssemi, umburðarlyndi og vináttu. Þegar horft er á þessa þætti er ljóst að þeir eru einnig hluti af því að tileinka sér lýðræði og lýðræðisleg vinnubrögð. Dyggðir sem iðkaðar eru í skólanum eins og virðing og tillitssemi, þ.e. að bera virðingu fyrir öðru fólki, dýrum og náttúrunni og taka tillit til annarra er hluti af lýðræðislegu uppeldi.



Námsumhverfi

Skipulag, hönnun og nýting námsumhverfis endurspeglar þau viðhorf og gildi sem liggja að baki leikskólastarfinu. Auk deildanna eru í skólanum nokkur svæði sem eru samnýtt af öllum deildum; listasmiðja, holukubbar, leiksmiðja og matsalur er einnig nýttur af öllum deildum skólans. Börn kanna og skilja umhverfi sitt á margbreytilegan hátt. Þau hlusta, bragða, handfjatla, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir.

Leikur og nám

Leikur er meginnámsleið barna, gleðigjafi og veitir vellíðan.

Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi allra leikskóla. Leikskólakennarar þekkja leik barna, þeir virða og hlúa að honum, gefa honum rými og skipuleggja leikumhverfið.

Leikskólastarfið er fjölbreytt í allri sinni mynd og er sniðið að þörfum barna á mismunandi aldri og á ólíku þroskaskeiði.

Í Arnarsmára eru skilyrði til að börnunum líði vel, gleði sé ríkjandi, góður tími gefinn til að leyfa leiknum að njóta sín og góður starfsandi fyrir alla.

Frjáls leikur er aðalatriðið í öllu

starfi í Arnarsmára, þar sem ímyndunarafl og sköpunargleði barnanna fær að njóta sín og lögð er áhersla á að leikföng og efniviður sé opinn, sveigjanlegur og skapandi og bjóði upp á fleiri en eina leið/lausn. Einingakubbar og holukubbar skipa þar stóran sess, leikur með þá ýtir undir alla þroskaþætti hjá barninu og hvetur það til stærðfræðileikja og frumkvæðis.

Skapandi starf er stór þáttur í leikskólanáminu og börnin fá góðan tíma til listsköpunar. Þau nýta fjölbreyttan efnivið og eru örvuð til skapandi tjáningar. Tónlist og hreyfing skipa einnig stóran sess í námi barnanna og oft eru þessar listgreinar, myndlist, tónlist, hreyfing og tjáning samþættar í starfinu.



Útinám

Útinám skipar stóran sess í starfi Arnarsmára, allt sem hægt er að læra inni er einnig hægt að læra úti. Börnin færast nær raunveruleikanum og það gefur annars konar tækifæri fyrir sjálfsprottinn leik. Þau komast í meiri tengsl við náttúruna og þau verkefni sem unnið er með og læra að bera virðingu fyrir umhverfinu. Útinám býður upp á að skynja og uppgötva. Hreysti og úthald eykst og eflir jákvætt viðhorf til útiveru. Það hefur sýnt sig að útinám eykur samvinnu og styrkir börnin félagslega.

Vettvangsferðir

tengjast gjarnan því námsefni/þema sem verið er að vinna með í skólanum hverju sinni. Ferðir út í náttúruna, heimsókn á vinnustaði, söfn eða í þjónustufyrirtæki gefur börnunum reynslu sem hægt er að vinna úr, t.d. í



skapandi starfi og kubbaleikjum. Þetta er hluti af menningu og samfélagsnámi barnanna og samþættingu námssviða.

Ýmist er farið í litlum eða stórum hópum. Börnin nota endurskinsvesti sem eykur öryggi þeirra í umferðinni og þau læra umferðarreglur. Öll börn í leikskólum Kópavogs eru slysatryggð, einnig í þeim ferðum sem farnar eru á vegum leikskólans.

Samþætt og skapandi leikskólastarf

Leikskólanám er samþætt nám þar sem námssvið og námsþættir fléttast inn í daglegt líf og leik barnsins og eflir mikilvæga þroskaþætti hjá því. Börn læra í gegnum leik og daglegt starf innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn með stuðningi og hvatningu frá hinum fullorðnu. Ákveðin námssvið eru undirstaða náms barnanna í skólanum. Þau eru: læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sköpun og menning, sjálfbærni og vísindi.

Þessi námssvið skarast öll meira eða minna og haldast í hendur við daglegt líf barnanna.

Í Arnarsmára ríkir mikil samvinna á milli deilda og samþætting náms sviða er mjög markviss. Árgangarnir hafa allir sitt nafn:

- **Grjón**, eins til tveggja ára börn.
- **Gormar**, tveggja til þriggja ára börn.
- **Grallarar**, þriggja til fjögurra ára börn.
- **Garpar**, fjögurra til fimm ára börn.
- **Gullmolar**, fimm til sex ára börn.



Læsi og samskipti

Börn eru félagsverur sem nota ýmsar aðferðir til að tjá sig og eiga samskipti við annað fólk. Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta. Með því tjá þeir hugsanir sínar og tilfinningar, skoðanir og fyrirætlanir. Í frumbersku og á leikskólaaldri er lagður grunnur að málþroska barna. Segja má að málörvun gangi eins og rauður þráður í gegnum allt leikskólastarfið og markvisst sé unnið að því að efla málvitund barnanna. Málrækt fer fram í samræðum og við hlustun. Í Arnarsmára er lögð áhersla á að börnin læri kjarngóða hreina íslensku og er rætt um það við nýja starfsmenn og foreldra. Ritað mál er haft sýnilegt t.d. með því að hafa nöfn barnanna á hólfum þeirra og skúffum og einnig eru ýmsar hirslur og leikföng merkt. Tölustafir, fjöldi, form o.fl. er einnig mjög sýnilegt. Þetta er þáttur í að vekja löngun barnanna til að læra að lesa og skrifa. Í Arnarsmára er lögð áhersla á að allt nám fari fram í gegnum leik og á það líka við um læsi og málrækt. Læsi í leikskóla felur í sér að búa yfir þekkingu og leikni til að skynja, skilja, túlka, gagnrýna og miðla. Þannig læra börnin að lesa í umhverfi sitt og nota tungumálið á fjölbreyttan hátt.

Vandað er val á bókum fyrir börnin og reynt í hvívetna að vernda íslenska tungu. Oft felast sögustundir t.a.m. í *Samræðulestri*, en hann byggir á samræðum eins og nafnið bendir til og lögð er áhersla á að fá börnin til að segja frá með sínum orðum í bland við texta sögunnar þegar við á. Rannsóknir sýna að þegar lesið er með aðferð *Samræðulesturs* eykur það orðaforða, málskilning og frásagnarhæfni barnanna. *Orðaspjall* er önnur leið til að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri. Aðferðin felst í því að kennarinn les bók með börnunum og velur orð úr henni til að kenna samkvæmt ákveðnu ferli. Samhliða orðakennslunni er lögð áhersla á að efla málskilning og máltjáningu barnanna með samræðum

um sögurnar sem lesnar eru. Í nóvember og febrúar eru haldin lestrarátök í Arnarsmára þar sem börnunum er boðið að taka með sér bækur heim að láni. Hvort átak fyrir sig stendur yfir í mánuð í senn. Á meðan átakið stendur yfir fá foreldrar senda fróðleiksmola tengda læsi í tölvupósti. Tveir læsis dagar eru haldnir yfir veturinn.



Markmiðið er að efla áhuga barnanna á lestri. Börnin vinna þá að ýmsum læsistengdum verkefnum með sínum aldurshópi.

Tákn með tali (TMT) er tjáskiptaaðferð sem bæði kennarar og börn læra og nota í Arnarsmára. Aðferðin byggir á einföldum hreyfitáknum sem notuð eru á markvissan hátt til stuðnings töluðu máli.

Í Arnarsmára er lögð rík áhersla á að börnin fái tækifæri til að þróa læsið í gegnum leikinn, sem er þeirra aðal námsleið. Mikilvægt er að nota fjölbreyttar aðferðir í starfinu með börnunum til að halda áhuga þeirra lifandi.

Til að auka áhuga barnanna í Arnarsmára á bókum er ýmislegt skemmtilegt gert. Til dæmis er haldið *bókabíó* þar sem bókum er varpað upp á skjáttjald. Þá hefur einnig verið *lestrarbingó* þar sem börnin reyna að klára bingóspjald sem inniheldur skemmtilegar hugmyndir að því hvar og hvernig er hægt að lesa. Sem dæmi er hægt að lesa undir teppi, lesa úti og lesa fyrir mömmu og pabba. Í desember koma öll börn með eina *innpakkaða bók* að heiman. Bækurnar eru notaðar sem jóladagatal á deildum barnanna. Þegar bók er dregin út er hún skoðuð og lesin fyrir deildina, stundum segja börnin sjálf frá bókinni sinni og stundum segja kennarar frá henni með hjálp barnsins. *Sögupokar* eru taupokar sem innihelda sögu og leikmuni (leikföng/hluti/myndir) sem tengjast sögunni. Sögunum er ætlað að örva lesskilning yngstu barnanna í gegnum lestur og leik. *Bókin um Lubba* kennir börnunum hljóð íslensku bókstafanna með vísnum fyrir hvert hljóð. Bókin stuðlar þannig að auðugri orðaforða og ýtir undir skýrari framburð. Börnin fá líka tækifæri til að fara í ýmis lestrarörvandi forrit í *Spjaldtölvu*:

<https://arnarsmari.kopavogur.is/media/0/lpad-forrit.pdf>

Læsisstefna Arnarsmára auðveldar kennurum skólans að rækta og tileinka sér þær aðferðir og leiðir sem að framan greinir.

Læsisstefna Arnarsmára:

<http://arnarsmari.kopavoqur.is/media/0/Læsisstefna-Arnarsmara.pdf>



Samverustundir

Í *samverustundum* eru lesnar sögur, sungið, farið í leiki og spjallað saman. Einnig er fjallað um ýmis þemaverkefni sem verið er að vinna að. Samverustundir gegna mikilvægu hlutverki fyrir félags- og málþroska barnanna.

Vinafundir eru alla daga á öllum deildum skólans þar sem m.a. rætt er um hvað verður gert yfir daginn, veðrið og hvernig þarf að klæða sig. Kennarar og börn ákveða í sameiningu hvaða viðfangsefni eru í boði og þau velja samkvæmt því. Þarna æfa börnin sig í að hafa áhrif og nota lýðræðisleg vinnubrögð til að velja á milli. Á vinafundinum er einnig athugað hvort einhver er veikur og þá er hugsað fallega til hans og vinalagið sungið.

Söngstund er fyrir hádegisverð, þar er sungið og farið með rím og þulur.

Hvíldarstund er eftir hádegisverð. Þá sofa yngri börnin en hjá þeim eldri er róleg stund, börnin hlusta á sögur og ævintýri eða leysa verkefni.

Gaman saman er á föstudögum. Þá hittast börn og kennarar skólans í salnum. Deildirnar skiptast á að skipuleggja þessa stund og börnin eru með uppákomur. Þannig þjálfast þau í að koma fram. Þessar stundir tengjast oftast dyggðum eða þema. Söngur, gleði og gaman saman.

Hópvinna

Börn sem eru saman í hóp kynnast og læra að treysta hvert öðru og er það grundvöllur að góðu samstarfi og vináttu. Hópvinna fer fram inni á deildum, á svæðum, í vettvangsferðum og í útikennslu og eru viðfangsefnin miðuð við hvern aldurshóp.

Val

Val gefur börnunum kost á fjölbreyttum verkefnum og nýtist húsnæði og búnaður skólans vel. Valið í Arnarsmára er útfært þannig að á vínafundi ákveða börnin með kennurum sínum hvaða viðfangsefni verða í boði. Sem dæmi má nefna einingakubba, dúkkukrók, perla, pússla, spila, lesa bækur. Það geta eins margir og vilja valið hvert viðfangsefni og það má skipta um viðfangsefni þegar vill. Þetta er liður í lýðræðislegum vinnubrögðum í Arnarsmára. Valið er myndrænt og fer fram daglega. Á föstudögum er opið flæði, þ.e. öll leiksvæði skólans eru í boði.

Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla læra börn um hollt mataræði, gildi hvíldar, hreinlæti, hreyfingu og að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl.

Börn hafa mikla þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að líkamlegri og andlegri vellíðan, gleði, snerpu og þoli. Í skólanum er hreyfiþörf virt og örvuð og börn læra að þekkja og skynja líkama sinn. Í almennum ráðleggingum frá Lýðheilsustöð er mælt með að börn hreyfi sig rösklega í minnst 60 mínútur daglega.

Útinámið gegnir stóru hlutverki í hreyfingu barnanna í Arnarsmára. Í útivist er mikil hreyfing á börnunum, leiksvæðið er stórt og býður upp á að efla hreyfifærni á mjög fjölbreyttan hátt. Farið er reglulega í gönguferðir /vettvangsferðir, lengri og styttri og fá börnin mikla þjálfun með því. Oft er farið niður brattan Arnarsmárann, t.d. þegar farið er að gefa öndunum, í Sorpu, Smárann, Dalinn o.fl. Því fylgir að ganga verður upp alla brekkuna á heimleið og það reynir á.

Börnin fara einnig í skipulagða hreyfingu af ýmsu tagi t.d. í Smárann eða Fífuna. *Arnarsmári á iði* er heiti á einni viku á ári, sem er liður í að efla hreyfingu í Arnarsmára. Holukubbasvæði og gangar eru þar að auki mjög rúm svæði sem bjóða upp á ýmsar grófhreyfingar, t.d. er rennibraut á ganginum þar sem yngri deildirnar eru og þar æfa þau m.a. að ganga upp tröppur. Að öðru leyti má segja að alls staðar, í öllu leikskólastarfinu sé verið að æfa ýmist fín- eða grófhreyfingar á einn eða annan hátt.

Lögð er mikil áhersla á holla næringu í Arnarsmára. Fæðuval er fjölbreytt, íslenskar matarhefðir í heiðri hafðar en jafnframt bryddað upp á nýngum. Börnin skammta sér sjálf á diskana og eru hvött til að smakka á öllu og hafa skammtastærðir hæfilegar. Mikil áhersla er lögð á að samsetning matarins sé í réttum hlutföllum samkvæmt viðmiðum Landlæknis-

embættisins. Arnarsmári er aðili að Heilsueflandi leikskóla, sem er verkefni á vegum Embættis landlæknis og er ætlað að styðja leikskóla í að vinna markvisst að heilsuefingu og gera hana að hluta af daglegu starfi leikskólans. Heilsueflandi leikskóli leggur sérstaka áherslu á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólasterfinu. Þeir eru; hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk.

Arnarsmári hefur sett sér heilsustefnu:

<https://arnarsmari.kopavogur.is/media/0/Heilsustefna-Arnarsmara.pdf>

Útivera

Útivera býður upp á góða hreyfingu og er mikilvægur þáttur í leikskólauppeldi. Hún er börnum holl, styrkir ónæmiskerfið og eflir matarlyst. Í útiverunni gefast ótal tækifæri til náms, t.d. um náttúruna og veðrið. Þar leika börnin sér mest frjálst, en einnig er boðið upp á skipulagða leiki t.d. ýmsa hópleiki.

Daglega er mikil útivera í Arnarsmára. Í útiveru hittast börn og kennarar af öllum deildum sem gefur möguleika á nýrri vináttu og öðruvísi leikjum. Lóðin er stór og býður upp á fjölbreytta leiki.

Til að gæta fyllsta eftirlits með börnunum er lóðinni skipt í fimm svæði. Kennarar skiptast á að hafa umsjón með hverju þeirra viku í senn.

Það felast miklar forvarnir í aukinni útiveru. Lasleiki leikskólabarna er oftast vegna sýkinga, en u.þ.b. 30% sýkingarsjúkdóma má rekja til þrengsla innanhúss. Rannsóknir sýna að börn sem leika sér úti í náttúrunni eru hraustari og hafa betri einbeitingu og hreyfigetu en jafnaldrar þeirra sem leika sér að mestu innandyra.

Svefn og hvíld

Svefn og hvíld er börnum mikilvæg í erli dagsins. Hegðun barnanna, heilsufar og lífsþróttur mótast mjög af því hversu vel og reglulega þau sofa og hvílast í dagsins önn. Svefnvana og þreytt börn eru illa á sig komin andlega og líkamlega. Þau eru oft lystarlaus, viðkvæm, vanstillt og mótþrógjörn. Eftir hádegismat fá öll börn í Arnarsmára þá hvíld og slökun sem þau þurfa.



Hreinlæti

Hreinlæti er mikilvægur þáttur í daglegu lífi barna. Yngstu börnin í skólanum eru að læra að halda sér hreinum og þurrum. Mikilvægt er að gæta þess að það ferli gangi vel og jákvætt fyrir sig og fari fram í fullu samráði við foreldrana. Hreinlætis er gætt í hvívetna, ekki síst með tilliti til smithættu og eru salerni og skiptiaðstaða sótthreinsuð a.m.k. daglega.

Fyrir yngri börnin eru salernisferðir á vissum tímum. Hins vegar eru eldri börnin hvött til að fara á salerni t.d. fyrir og eftir útiveru, vettvangsferðir og matartíma en annars fá þau sjálf að meta þörfina og læra þannig að nota salernið í samræmi við þarfir sínar. Börnin þvo sér um hendur eftir salernisferðir og fyrir matartíma. Á yngri deildunum er börnunum þvegið um andlit og hendur eftir máltíðir og þau eldri hvött til að gera það sjálf.

Sjálfbærni og vísindi

Markmið sjálfbærni er að börn og starfsfólk geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skiptir máli, í nútíð og um alla framtíð. Lýðheilsa þar sem hver einstaklingur ber ábyrgð á sjálfum sér og sinni heilsu er hluti af sjálfbærni.

Leikskólakennarar ýta undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna. Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum. Arnarsmári starfar eftir umhverfisstefnu

Kópavogs; <http://arnarsmari.kopavogur.is/media/0/umhverfiskola%5B1%5D.pdf>

Kynni barnsins af náttúrunni eru þýðingarmikil fyrir þroska þess. Mikilvægt er að börn skynji og uppgötvi náttúruna af eigin raun og læri að njóta hennar sér til yndisauka. Í Arnarsmára er stuðlað að virðingu barnanna fyrir náttúrunni og náttúruvernd og þeim er séð fyrir fjölbreyttum möguleikum á að kynnast henni sem og veðrinu og árstíðunum í fjölbreytileika sínum. Í umhverfinu verða

sífelldar breytingar og þá geta

óvæntar aðstæður komið upp.

Börnin kafa dýpra í viðfangsefnin,

leita nýrra svara og öðlast

mikilvæga þekkingu á náttúru og umhverfi.

Tækifæri barna til að umgangast

náttúruna hafa minnkað á síðari

árum og útivistarsvæði eru flest

manngerð, bæði við heimili og

skóla.



Í Arnarsmára er þema bæði að vori og hausti um árstíðirnar þar sem börnin læra um þær allar á fjölbreyttan hátt. Hver árgangur á sér ákveðinn stað í náttúrunni þar sem hann velur sér tré og heimsækir reglulega til að fylgjast með árstíðabundnum breytingum.

Frá Arnarsmára er mikið og fagurt útsýni og er athygli barnanna vakin á því. Á lóðinni er matjurtagarður sem hlúð er að og fylgst með sprettu og uppskorið ríkulega að hausti. Einnig er á lóð skólans útieldestæði sem ýmist er notað til útieldunar eða kveiktur er varðeldur.

Náttúrufræðistofa er heimsótt öðru hverju og farin er sveitaferð að vori. Rætt er við börnin um umhverfisvernd og þau hvött til að ganga vel um umhverfið og náttúruna.

Nokkrum sinnum á ári (misjafnt eftir aldri) fara börnin í vísindaferðir. Þá fá börnin tækifæri til að setja fram tilgátur og sannreyna þær með athugunum og tilraunum. Einnig fá þau að uppgötva eiginleika hluta með því að gera tilraunir t.d. með þyngd hluta, blöndun lita og efna.

Umhverfisstefna Arnarsmára

Umhverfisverndarmarkmið Arnarsmára er að bæði starfsfólk og börn sýni virðingu sína fyrir náttúrunni og sjálfum sér í verki með því að;

- Draga úr sorpi frá leikskólanum, safna lífrænum úrgangi á deildum og í eldhúsi, molta hann og nýta moltuna í matjurtagarðana og beðin
- Fræðast um umhverfisvernd, flokkun og moltun á lífrænum úrgangi
- Auka þátttöku barnanna í flokkunarferlinu og endurnýta það sem hægt er, en fara með annað í Sorpu
- Auka áhuga starfsfólks og barna á að ganga snyrtilega um, úti sem inni
- Sýna jákvæð viðhorf til útiveru
- Börnin nýti sér vettvangsferðir sem leiðir til uppgötvunar og náms
- Auka hreysti barna og starfsmanna



Grænfáninn

Vorið 2010 var Arnarsmára afhentur Grænfáninn í fyrsta sinn. Hann er veittur til tveggja ára í senn. Umhverfisráð er skipað Gullmolunum. Fundir eru haldnir reglulega þar sem rætt er um umhverfisvernd, mengun, endurvinnslu og endurnýtingu.

Sköpun og menning

Barnamenning er samofin öllu leikskólastarfi og tengist leik barna, lýðræði, skapandi starfi og þjóðmenningu. Sköpun í leikskóla á fyrst og fremst að beinast að sköpunarferlinu, gleðinni, tjáningunni, könnuninni og náminu sem á sér stað þegar hugmyndir, tilfinningar og ímyndun fær að njóta sín.

Hlutverk leikskólakennara felst m.a. í því að velja leiðir sem hvetja til sjálfstæðra vinnubragða og skapandi hugsunar og gera barninu kleift að nálgast viðfangsefni frá mörgum hliðum.

Listsköpun

Börn hafa ríka þörf fyrir að tjá sig með myndmáli á skapandi hátt. Sköpun barna byggist á skynjun þeirra og reynslu. Í Arnarsmára er lögð áhersla á að börnin tjái sig frjálst og að sköpunargleðin fái að njóta sín. Sjálft sköpunarferlið skiptir meira máli en útkoman. Börnin hafa aðgang að Listasmiðju þar sem unnið er á ýmsan hátt að



listsköpun. Að auki fer listsköpun fram inni á deildum og matsalurinn er oft notaður. Stundum er farið með börnin á listasöfn og jafnvel búin til listaverk sem tengjast ferðinni þegar heim er komið. Í vettvangsferðum eru stundum unnin listaverk úr þeim efnivið sem finnst á staðnum t.d. listaverk í fjörunni og þá er tekin ljósmynd af verkinu til minningar.

Á sumrin er listastarfið að mestu leyti flutt út, þar sem er málað, smíðað og m.fl.

Listavika er haldin að vori og er þá starf skólans brotið upp. Unnið er að ýmiskonar listsköpun, þvert á deildir skólans.

Listskýning er í maí í tengslum við afmæli bæjarins sem haldin er í félagsmiðstöð aldraðra í Gullsmára.

Tónlist er ríkur þáttur í allri þjóðmenningu og skipar stóran sess í leikskólastarfinu. Börn öðlast tónlistarþroska með því að fá fjölbreytta reynslu af tónlist og að kynnast hljóðum, tónum og hreyfingu í leik og starfi. Leikskólaumhverfið hvetur börnin til að fást við og njóta tónlistar á ýmsan hátt, t.d. sjálfsprottinn söng barnanna og tilraunir með hljóðgjafa.

Hefðir

Í Arnarsmára hafa með tímanum myndast ákveðnar hefðir sem eru mikilvægur hluti af menningu leikskólans. Í hefðum felst öryggi og oftast eitthvað sem gleður hjartað, það að gera sér dagamun.

Í leikskólanum kynnist barnið ýmsu í menningu samfélagsins t.d. eru kenndar gamlar þulur og kvæði, farið er í ýmsa gamla leiki og fjallað er um íslenska fánann - tákn fullveldis þjóðarinnar. Á öllum tyllidögum, sem og afmælisdögum barnanna er fáninn dreginn að húni. Lögð er áhersla á að kenna börnunum að umgangast íslenska fánann með virðingu og hafa í heiðri þær reglur sem gilda um notkun hans.

Dagur stærðfræðinnar er haldinn tvisvar á ári. Í Arnarsmára er hann kallaður „Stærðfræðidagurinn mikli.“ Þá eru sett upp mörg stærðfræðitengd verkefni á miðjusvæði skólans og elstu árgangar fara á milli í u.þ.b. 8 barna hópum og spreyta sig. Yngri börnin gera einnig ýmis stærðfræðitengd verkefni inni á deildum.

Stóri læsisdagurinn er skipulagður á svipaðan hátt og stærðfræðidagurinn nema með læsisverkefnum. Hann er haldinn utandyra í september og innandyra í febrúar og hver aldurshópur fær verkefni við sitt hæfi.

Dagur íslenskrar tungu, 16. nóvember er haldinn hátíðlegur.

Í Gullsmára, hjá félagi eldri borgara í Kópavogi er söngstund annan hvern föstudag yfir vetrarmánuðina. Þangað er farið með 15 – 20 börn í hvert sinn og tekið þátt í söngnum og veitir það bæði ungum og öldnum mikla ánægju.

Kór er starfræktur við skólann en hann er skipaður Gullmolunum og skemmtir við hin ýmsu tækifæri.

Margar fleiri hefðir hafa fest sig í sessi í Arnarsmára sem eru ýmist árstíðabundnar eða tengdar hátíðis- og tyllidögum og gegna stóru hluverki í menningu og skólabrag Arnarsmára.

Kennarar í Arnarsmára hafa tekið þátt í Comeniusar/Erasmusverkefnum á vegum Evrópusambandsins. Í þeim er lögð sérstök áhersla á samskipti, samstarf, samnýtingu reynslu og þekkingar um menntun og þjálfun í Evrópu. Þátttaka í slíkum verkefnum veitir kennurunum víðsýni og gefur nýjar hugmyndir. Það er því stefna skólans að halda slíku samstarfi áfram.

Fágætur er góður vinur

Fjölskyldan og leikskólinn

Í Arnarsmára er lögð áhersla á að samstarf heimilis og skóla byggi á gagnkvæmum skilningi og virðingu fyrir viðhorfum og þekkingu. Samstarf þetta byggir á þeirri forsendu að foreldrar beri meginábyrgð á uppeldi barna sinna. Mikilvægt er að þessir aðilar geti treyst hver öðrum, deilt sjónarmiðum sínum og tekið sameiginlegar ákvarðanir er varða börnin. Það getur skipt sköpum fyrir árangur barnanna að gott samstarf sé á milli foreldra og kennara.

Í Arnarsmára er tekið vel á móti hverju barni svo það finni að það sé velkomnið í skólann. Barnið þarf að upplifa öryggi og það viðmót sem það mætir getur haft úrslitabýðingu varðandi góð samskipti og tengsl.

Velkomin í Arnarsmára

Þegar barnið byrjar í aðlögun er lagður grunnur að gagnkvæmum kynnum, trausti og virðingu á milli foreldra og kennara. Hægt er að skoða kynningarbækling á heimasíðu skólans:

<http://arnarsmari.kopavogur.is/media/0/Kynningarbaeklingur-2018.pdf>

**Besti vinur þinn er sá sem kallar fram
það besta hjá sjálfum þér**



Trúnaður – tilkynningarskylda

Skólinn leggur áherslu á að fullur trúnaður ríki um allar upplýsingar sem varða börnin og foreldra þeirra. Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu. Allt starfsfólk leikskóla undirritar sérstakt þagnarheit sem helst þó látið sé af starfi. Ef kennarar telja að líkamlegum og/eða andlegum þörfum barns sé ekki sinnt, ber þeim að tilkynna það barnaverndaryfirvöldum Kópavogsbæjar sbr. 13. gr. laga um málefni barna og ungmenna.

Foreldrasamtöl

Deildarstjórar og/eða kennarar bjóða foreldrum samtal tvisvar á ári og oftast ef þörf krefur. Í foreldrasamtölum gefst tækifæri til að spyrja spurninga og veita upplýsingar um barnið. Einnig geta foreldrar haft samband símleiðis við kennara eða með tölvupósti.

Foreldrafundir

Tilgangur foreldrafunda er að miðla upplýsingum um uppeldisstarfið í skólanum. Skólanámskrá og aðrar áætlanir eru kynntar og ræddar og skipst er á skoðunum um leikskólauppeldi og þátttöku foreldra í skólafarfinu. Foreldrafundur með öllum foreldrum er haldinn að hausti og þar er starfið kynnt.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Verkefni foreldrafélagsins eru margvísleg og getur félagið stutt mjög vel við starfið í leikskólunum og því er það hagar leikskólans að hafa öflugt og virkt foreldrafélag. Báðir foreldrar eru hvattir til að taka virkan þátt í starfi foreldrafélagsins.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum um leikskóla er foreldraráð starfandi við Arnarsmára. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og leikskólanefndar bæjarins um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi skólans. Ráðið fylgist með að skólinn framfylgi námskrá og áætlunum og það hefur einnig umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á starfi skólans.

Aðalnámskrá leikskóla: http://arnarsmari.kopavogur.is/media/0/adalnskr_leiksk_2012.pdf

Hamingjan virðist ætluð til að deila henni með öðrum.

Heimasíða

Upplýsingar um starfið í skólanum, námskráin og starfsáætlunin eru inni á heimasíðu skólans. Einnig er þar að finna nýjustu fréttir og tilkynningar. Hver deild hefur sína krækju og svo eru myndir settar reglulega inn. Matseðil er einnig að finna á síðunni.

<http://arnarsmari.kopavogur.is/>

Tengsl skólastiga

Formlegt samstarf er á milli leik- og grunnskóla Kópavogs. Skólaganga barna á að mynda samfellda heild þannig að sú þekking og viðfangsefni sem börnin eru að fást við í leikskólanum verði grunnurinn sem grunnskólanámið byggir á. Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra og kennara, þar sem velferð, þroski og menntun barnanna er í brennidepli.

Foreldrar eru mikilvægir tengiliðir milli skólastiga. Þeir miðla upplýsingum um börn sín og leikskólagöngu þeirra og eiga rétt á að fá vitneskju um þau gögn sem fylgja þeim úr leikskóla. Foreldrum er skylt að veita leikskólanum upplýsingar sem nauðsynlegar eru fyrir skólastarfið og velferð barnanna. Þeir eiga rétt á aðgangi að upplýsingum sem varða þeirra börn. Leikskólastjóri skal sjá til þess að nauðsynlegar upplýsingar fylgi börnunum þegar þau flytja milli leikskóla eða fara í grunnskóla.

Arnarsmári er í formlegu samstarfi við Smáraskóla, ásamt leikskólanum Læk. Kennarar skólanna hittast að hausti og ákveða hvernig heimsóknunum verði háttað það skólaár.



Mat

Mat á skólastarfi er tvíþætt: Annarsvegar er um að ræða mat sem leikskólarnir framkvæma sjálfir og er kallað innra mat. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila og er nefnt ytra mat.

Innra mat

Leikskólakennarar eru í lykilhlutverki við skipulagningu og framkvæmd innra mats.

Mikilvægt er að mat byggji á þátttöku og samvinnu kennara, foreldra og barna.

Námssvið leikskólans eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Þessi námssvið eiga að vera hluti af leik barna og vera samþætt daglegu skólastarfi. Útbúnir hafa verið matslistar sem meta allt starf innan hvers námssviðs og er stefnt að því að eitt námssvið sé metið á hverju ári þannig að fjórða hvert ár verður hvert þeirra tekið fyrir.

Einnig eru sérstakir listar til að meta samstarf og samskipti alls starfsfólks. Annað hvert ár meta foreldrar starfsemi leikskólans og er sérstakur listi ætlaður til þess.

Niðurstöður gefa kennurum leikskólans góðar vísbendingar um hvað foreldrar eru ánægðir með og hvað þeir telja að mætti betur fara.

Í Arnarsmára eru þróaðar fjölbreyttar aðferðir við mat á vellíðan og námi barna. Mat á að beina sjónum að áhuga barna, getu þeirra, hæfni og styrk sem þau sýna á ólíkan hátt. Mat á að vera einstaklingsmiðað og til þess gert að efla hvert barn. Á grundvelli matsins skal veita hverju og einu barni námstækifæri og stuðning við hæfi svo að þau geti tekið virkan þátt í leik og starfi. Forðast skal að nota mat í þeim tilgangi að bera saman hæfni barna á afmörkuðum sviðum, flokka þau eftir getu eða leita eftir því sem þau geta ekki.

Meðal aðferða sem hafa verið notaðar í Arnarsmára má nefna að starfsmenn hafa tekið myndir af börnum í leik og starfi þar sem fram kemur hvernig líðan þeirra er. Einnig meta börnin sjálf starfið árlega. Þau hafa t.d. fengið að taka myndir af því sem þeim hefur þótt áhugaverðast í leikskólanum og verið spurð um vináttu og áhuga þeirra á útinámi.

Ytra mat

Leikskólanefnd Kópavogs hefur eftirlit með því að starfsemi leikskólans samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá leikskóla. Leikskólafulltrúi í umboði leikskólanefndar ber ábyrgð á framkvæmd ytra mats.

Starfsáætlun

Leikskólinn gerir árlega starfsáætlun þar sem starfinu og faglegum áherslum á komandi starfsári er lýst. Í starfsáætlun er einnig umbótaáætlun sem byggð er á mati síðastliðins árs. Foreldraráði ber að vera umsagnaraðili starfsáætlunar og leikskólanefnd staðfestir hana. Niðurstöður innra mats og umbótaráætlun er birt í starfsáætlun leikskólans.

**Vinur er sá sem gefur okkur frjálsræði og
olnbogarými til að vera eins og við erum**

